



L-listi fullveldissinna vegna Alþingiskosninganna á Íslandi 2009

Framboð lýðveldis og lýðræðis

L-listi fullveldissinna er eina framboðið sem hefur skýra andstöðu við ESB aðild á stefnuskrá sinni.

L-listi fullveldissinna er grasrótarframboð sem berst fyrir að lýðræði Íslendinga í íslensku þjóðríki.

L-listinn er endurreisnarhreyfing sem berst fyrir endurreisn siðferðis og frelsis í stjórnámálum, viðskiptum og mannlífi. Við teljum að endurreisn geti ekki átt sér stað nema til komi afl sem veitir hinu gamla og úrelta flokkakerfi aðhald á Alþingi Íslendinga.

L-listi fullveldissinna leggur fram skýrar tillögur um lausn efnahagsmála sem byggja á þeirri grundvallarforsendu að landið haldi fullveldi sínu. Ísland lagði upp í sína fullveldisbaráttu sem eitt fátækasta ríki heims en er nú þrátt fyrir áföll í hópi hinna auðugri.

L-listi fullveldissinna telur eitt brýnasta verkefni stjórnmalanna í dag sé að leysa úr vandræðum skuldsetta heimila með kreppulánasjóði og almennum lánalengingum þar sem það dugar til.

L-listinn tekur ekki þátt í yfirboðum stjórnmalaflokka sem keppast nú við að lofa öllum landsmönnum gjafafé úr ríkissjóði, jafnt þeim sem á því þurfa að halda og hinum.

L-listinn er framboðslisti hófsamra borgaralegra afla sem hafnar öfgum hvort sem er frá hægri eða vinstri.

Efstu sæti á listum L-lista skipa eftirtaldir:

Reykjavík norður: Bjarni Harðarson bóksali

Reykjavík suður: Már W. Mixa fjármálafræðingur

Suðvesturkjördæmi: Þórhallur Heimisson prestur

Suðurkjördæmi: Kristbjörg Steinunn Gísladóttir fjölskylduráðgjafi

Norðvesturkjördæmi: Guðrún Guðmundsdóttir bóndi

Unnið er að uppröðun lista í Norðausturkjördæmi.